

MINJARÁÐ NORÐURLANDS EYSTRA

FUNDARGERÐ

Fundur fór fram í Borgum við Norðurslóð á Akureyri, 11. desember 2018 kl. 14:00-16:00.

Mættir voru: Rúnar Leifsson minjavörður (sem ritaði fundargerð), Baldur Daníelsson og Guðmundur Ögmundsson.

Minjavörður setti fund og tók fyrir eftirfarandi mál:

1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Tveir staðir á Norðurlandi eystra eru nú í Landsáætlun um uppbyggingu innviða; Skálar á Langanesi og Gásir í Eyjafirði. Tiltölulega lágum fjárhæðum var veitt til hvors staðar og voru möguleikar innviðauppbyggingar ræddir í ljósi þessa.

Til að hægt sé að uppfylla skilyrði í tengslum við deiliskipulag á Skálum, m.a. um lögbundna fornleifafskráningu var rætt að skoða þyrfti nánari samvinnu við heimafólk og tengja víðari umræðu um ferðaþjónustu á svæðinu. T.a.m. gæti sveitarfélagið sótt um mótframlag í Uppbyggingarsjóð. Einnig væri ráð að ræða við Eyþing um aðkomu.

Fundarmönnum þótti einsýnt að sækja þarf um hærri fjárhæð til Landsáætlunar vegna uppbyggingar innviða á Gásam.

Hugmyndir voru reifaðar að Þingey og Skuldaþingsey gætu átt heima í Landsáætlun í framtíðinni, en einnig að sveitarfélagið gæti sótt um í Uppbyggingarsjóð. Þegar hefur verið unnið deiliskipulag í tengslum við aðgengismál í báðum eyjum.

Minjastofnun ætlar að sækjast eftir því að Hofstaðir komist í Landsáætlun og hlaut sú ráðagerð góðar undirtektir minjaráðsfulltrúa.

2. Hlutverk minjaráða

Rætt var um að minjaráð ættu að fjalla um stór mál sem upp kunna að koma. Minjaráð bóka sínar ályktanir í fundargerð sem birt er á netinu.

Mikilvægt þykir að allar fundargerðir minjaráða fari í fast í ferli innan Minjastofnunar. Fundargerðir séu teknar fyrir á viðeigandi vettvangi innan stofnunar og fái umfjöllun MÍ. Tryggja þarf að fundargerðir séu lesnar og fái viðbrögð stofnunarinnar. Viðbrögð MÍ má birta á samhliða fundargerðum á netinu. Vinnulag sem þetta getur styrkt umsagnir Minjastofnunar í erfiðum málum.

Minjaráðsfulltrúar kalla eftir sameiginlegum fundi allra minjaráða á landsvísu. Æskilegt væri að hafa slíkan fund snemma á tímabili nýrra minjaráða.

Bent er á að minjaráðsfulltrúar geti verið tengiliðir í héraði og aðstoðað við að koma málum tengdum menningarminjum frá almenningi til MÍ og í réttan farveg.

3. Endurskoðun aðalskipulaga

Kynnt var möguleg aðkoma minjaráða að endurskoðun aðalskipulaga. Minjaráð geta rætt, tekið afstöðu og lagt til breytingar á eða viðbætur við aðalskipulagstillögur. Vegna umfangs aðalskipulaga þyrfti minjavörður að matreiða efnið í viðráðanlega bita og fulltrúar tækju svo afstöðu til sérstakra mála. Sá fulltrúi sem býr á því svæði sem viðkomandi aðalskipulag er til umræðu gæti þó kynnt sér skipulagstillöguna sérstaklega og mætt sem sérfræðingur á fund. Gott er ef aðili sem tengist inn í skipulagsmál hjá sveitarfélagi ætti sæti í ráði.

4. Stefnumótun fyrir minjavernd og aðkoma minjaráða

Í byrjun næsta árs hefur Minjastofnun vinnu við gerð tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningararfs í samráði við menningarstofnanir ríkisins. M.a. snýr vinnan að aðgengismálum, stafrænni varðveislu og tungumáli. Mögulega munu minjaráð verða fengin til þátttöku að stefnumótuninni.

Einnig hefst eftir áramót vinna við gerð stefnu í fornleifa- og húsvernd sem er undir nýlegri stefnu Minjastofnunar Íslands. Hér munu minjaráðin spila hlutverk.

5. Skipun nýrra minjaráða um áramót

Kynnt var fyrirhuguð fækkun minjaráðsfulltrúa á komandi tímabili úr sex fulltrúum í fjóra. Minjastofnun mun tilnefna tvo, samband sveitarfélaga á svæðinu einn og Safnaráð einn fulltrúa. Minjavörður yrði svo fimmti meðlimur ráðsins. Auk þess verða tilnefndir varamenn.

Minjaráðið telur það til bóta að fulltrúum fækki í fjóra. Muni það gera fundahald hnitmiðaðra. Einnig ályktar minjaráð að dagsetja ætti fastafundina tvo strax í upphafi árs. Þá liggja dagsetningarnar fyrir með góðum fyrirvara og ef fólk kemst ekki má kalla til varamenn. Mikilvægt er að varamönnum séu send öll gögn um og af fundum þó þeir séu ekki boðaðir til setu.

6. Reynsla af setu í Minjaráði

- Rædd var fortíð og framtíð minjaráða. Hvað mætti betur fara o.s.frv.
- Fulltrúum hefur þótt upplýsandi að sitja fundi og hefðu kosið að hittast oft.
- Mögulega hefðu fulltrúar getað verið sýnilegri sem slíkir í sínu nágrenni.
- Mikilvægt þykir að fundartímar séu fastir og fundir haldnir þó fáir geti mætt. Fundargerðir þurfa að hljóta umfjöllun hjá MÍ.
- Það er faglegur ávinningur fyrir fulltrúa að sitja í minjaráði, fólk öðlast víðara sjónarhorn og tengslanet skapast.
- Hafa þarf samskipti fjölbreyttari og virkari yfir allt árið.
- Ef fjalla þarf um mál með stuttum fyrirvara ætti að nýta Skype og halda stuttan og snarpan fund.
- Minjaráðsfulltrúar vilja aukna vikt og tilgang. Að umföllunarefnin séu slík að það skipti máli að fundir séu haldnir og fulltrúar vilja finna að ályktanir minjaráða hafi vægi.